



## Iceland's Recovery - Lessons and Challenges

3. október 2011

### Íslensk stjórnvöld og Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn efna til alþjóðlegrar ráðstefnu um lærdóma af efnahagskreppunni og verkefni framundan

Ísland var eitt af fyrstu löndunum sem alþjóðlega fjármálakreppan 2008 skall á af fullum þunga. Nú, þremur árum síðar, þegar hagkerfið er á batavegi, munu íslensk stjórnvöld og Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn standa sameiginlega fyrir ráðstefnu með þekktum fyrirlesurum í Reykjavík 27. október 2011 til að meta árangur Íslands og fjalla um þau viðfangsefni sem bíða úrlausnar.

„Íslendingar hafa sýnt staðfestu og seiglu við að hrinda í framkvæmd flóknum stefnumálum við erfiðar aðstæður,“ sagði Nemat Shafik, aðstoðarframkvæmdastjóri Alþjóðagjaldeyrissjóðsins í tilefni af ráðstefnunni. „Allir hlutaðeigandi geta dregið lærdóm af þessari reynslu, þar á meðal Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn. Þess vegna er mér sérstök ánægja að sjóðurinn skuli standa að þessari ráðstefnu.“ Hún sagði ennfremur: „Hagkerfi heimsins eru enn að takast á við afleiðingar fjármálakreppunnar árið 2008 og ég er sannfærð um að sá hópur leiðandi sérfræðinga sem saman kemur í Reykjavík á eftir að hjálpa okkur að draga ályktanir sem að gagni koma fyrir stjórnvöld ríkja, hagfræðinga og Alþjóðagjaldeyrissjóðinn.“

„Efnahagsáætlun Íslands og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins hefur skilað miklum árangri við að koma á stöðugleika í íslenskum þjóðarbúskap og stuðla að efnahagsbata,“ sagði Már Guðmundsson seðlabankastjóri og bætti við: „Hér kunna að vera athyglisverðir lærdómar fyrir alþjóðasamfélagið.“

„Við hlökkum til að ræða opinskátt um hið „algera fárviðri“ sem skall á Íslandi árið 2008, um núverandi stöðu og þá lærdóma sem draga má af reynslu Íslendinga. Það gleður mig að geta sagt að gagnvirk samvinna við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn stuðlaði að því að Ísland hélt velli sem norrænt velferðarríki,“ segir Árni Páll Árnason, efnahags- og viðskiptaráðherra.

Á ráðstefnunni [Ísland á batavegi: Lærdómar og verkefni framundan](#) koma saman íslenskir og erlendir ráðamenn, fræðimenn og fulltrúar félagasamtaka. Meðal helstu ræðumanna verða nóbelsverðlaunahafinn Paul Krugman og hinir kunnu alþjóðahagfræðingar Willem Buiter og Simon Johnson.

Ráðstefnan skiptist í þrjá hluta. Þátttakendur munu leggja mat á þau úrræði sem notuð voru til að bregðast við kreppunni, svo sem beitingu gjaldeyrishafta og endurskipulagningu bankakerfisins. Þá verður fjallað um það markmið Íslands að standa vörð um velferðarkerfið á sama tíma og ráðist var í umfangsmiklar aðhaldsaðgerðir í ríkisfjármálum. Loks verður rætt hvernig þessi stefnumál voru útfærð í efnahgsáætlun stjórnvalda sem unnin var í samstarfi við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og lauk í ágúst síðastliðnum.

Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra mun setja ráðstefnuna og Árni Páll Árnason efnahags- og viðskiptaráðherra flytur upphafsávarp. Steingrímur Sigfússon fjármálaráðherra mun einnig ávarpa ráðstefnuna. Henni lýkur svo með pallborðsumræðum með þátttöku Nemat Shafik, Más Guðmundssonar og hagfræðinganna Paul Krugman, Simon Johnson, Martin Wolf og Gylfa Zoëga.

Dagskrá ráðstefnunnar, ásamt frekari upplýsingum má finna á [vefsíðu ráðstefnunnar](#).

#### TENGILÍÐIR VIÐ FJÖLMIÐLA

##### **Seðlabanki Íslands**

Stefán Jóhann Stefánsson

[sjs@cb.is](mailto:sjs@cb.is)

+354-569-9623

##### **Efnahags- og viðskiptaráðuneyti**

Kristrún Heimisdóttir

[kristrun.heimisdottir@evr.is](mailto:kristrun.heimisdottir@evr.is)

+354-545-8888

##### **Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn**

Washington:

Simonetta Nardin

[snardin@imf.org](mailto:snardin@imf.org)

+1-202-378-8705

Reykjavík:

Ragnar Hjálmarsson

[rhjalmarsson@imf.org](mailto:rhjalmarsson@imf.org)

+354-699-0178

Nánari upplýsingar um samstarfsáætlun Íslands og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins má nálgast [hér](#).



## Iceland's Recovery - Lessons and Challenges

### *Boðað til ráðstefnu*

Staður: Reykjavík  
Harpa tónlistar- og ráðstefnuhús  
Dagsetning: Fimmtudaginn 27. október 2011

Ísland var eitt af fyrstu þróuðu hagkerfunum sem alþjóðlega fjármálakreppan skall á af fullum þunga og leitaði aðstoðar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Nú þegar stöðugleikamarkmiðum efnahagsáætlunar íslenskra stjórnvalda og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins hefur verið náð eftir eitt stærsta fjármálaáfall sem dæmi eru um á síðari árum, beinist athygli stjórnvalda ríkja, fræðimanna og fréttaskýrenda að þeim aðferðum sem hér var beitt. Eitt af því sem athygli vekur eru forsendur þess að sett voru gjaldeyrishöft og hvernig tekið var á málum bankanna. Einnig verður sjónum beint að vörn um velferðarkerfið andspænis stórfelldum aðhaldsaðgerðum í ríkisfjármálum.

### ***Ráðstefnan***

Boðað er til eins dags ráðstefnu um hvað læra má af þessari reynslu Íslendinga og hvaða viðfangsefni bíða úrlausnar.

Þar koma saman sérfræðingar, bæði íslenskir og erlendir, til að greina þær aðgerðir sem gripið var til eftir hrunið; afleiðingar þeirra fyrir efnahagslífið og þjóðlífið allt; hlutverk samstarfsáætlunarinnar við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn sem er nýlega lokið; og viðfangsefni sem enn bíða úrlausnar. Lykilspurningar ráðstefnunnar verða: Hvað gerði sitt gagn og hvað ekki? Hvað hefði mátt gera öðruvísi? Hvað tekur nú við og hvað er enn ógert til að tryggja endurreisnina?

### ***Framsögumenn og skipulag***

Fyrirlesarar verða úr röðum erlendra og íslenskra fræðimanna, íslensku stjórnsýslunnar og sérfræðinga AGS sem komu að skipulagi og framkvæmd samstarfsáætlunarinnar, ásamt fulltrúum félagasamtaka.

Ráðstefnan skiptist í þrjá hluta, hvern um sitt efni, og hringborðsumræður að lokum.

- Þáttur I: Tekist á við hrunið*
- Þáttur II: Leiðin til stöðugleika*
- Þáttur III: Hvað bíður úrlausnar?*
- Þáttur IV: Hringborðsumræður*

Þrír fyrstu hlutarnir hefjast hver um sig á fjórum 15 mínútna framsögum og lýkur með fyrirspurnum og samantekt umræðustjóra. Til að stuðla að markvissum umræðum verða framsögumenn beðnir að hyggja að tveimur eða þremur mikilvægum spurningum.

***Þátttaka og miðlun efnis***

Boð um þátttöku verða send fræðimönnum, félagasamtökum, Alþingismönnum og fjölmiðlum ásamt völdum alþjóðastofnunum. Ráðstefnan er einnig opin almenningi og verður opið fyrir skráningu á netinu.

Ráðstefnan verður öll tekin upp á myndband og birt á vefnum.



## Iceland's Recovery - Lessons and Challenges

### Dagskrá

**8:00** *Skráning*

**8:30** *Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra býður gesti velkomna*

**8:35** *Upphafsvarp: Árni Páll Árnason efnahags- og viðskiptaráðherra*

**9:00–10:30** *Þáttur I: Tekist á við hrunið*

Farið yfir ákvarðanir sem teknar voru í hruninu sjálfu. Hvaða aðgerðir gáfu besta raun? Til athugunar koma gjaldeyrishöftin, sjálfvirk jöfnunaráhrif ríkisfjármála og hvernig tekið var á málum bankanna.

*Umræðustjóri: Arnór Sighvatsson aðstoðarseðlabankastjóri*  
*Framsögumenn: Friðrik Már Baldursson (Háskólanum í Reykjavík)*  
*Willem Buiter (Citigroup)*  
*Vilhjálmur Egilsson (Samtökum atvinnulífsins)*  
*Poul Thomsen (AGS)*  
*Uptaka af innleggi Josephs Stiglitz (Columbia University)*

**10:50–12:20** *Þáttur II: Leiðin til stöðugleika*

Umræðan fjallar um hvernig efnahagslífinu og gengi krónunnar var komið í jafnvægi, ríkisbúskapurinn réttur við, skuldir heimila og fyrirtækja endurskipulagðar og bankakerfið endurreist. Einnig hverjar afleiðingarnar urðu þegar litið er á félagslegar kennitölur og hið íslenska velferðarkerfi.

*Umræðustjóri: Katrín Ólafsdóttir (Háskólanum í Reykjavík)*  
*Framsögumenn: Gylfi Arnbjörnsson (ASÍ)*  
*Jón Danielsson (London School of Economics)*  
*Paul Krugman (Princeton University)*  
*Stefán Ólafsson (Háskóla Íslands).*

**12:30–14:00** *Hádegishlé*

*Ræða: Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra*

**14:00–15:30** *Þáttur III: Hvað bíður úrlausnar?*

Hvað þarf að gera til að ná Íslandi upp úr öldudal kreppunnar? Svo sem að draga úr atvinnuleysi, losa um höft á fjármagnsflutningum, tryggja aðgang að fjármálamörkuðum. Hvaða frekari aðgerða er þörf til að taka á óleystum viðfangsefnum.

*Umræðustjóri: Þorvaldur Gylfason (Háskóla Íslands)*  
*Framsögumenn: Gylfi Magnússon (Háskóla Íslands)*  
*Simon Johnson (MIT)*  
*Julie Kozack (AGS)*  
*Finnur Oddsson (Viðskiptaráði)*

**15:45–17:15 Hringborðsumræður**

*Stjórnandi: Martin Wolf (Financial Times)*  
*Framsögumenn: Már Guðmundsson seðlabankastjóri*  
*Simon Johnson (MIT)*  
*Paul Krugman (Princeton University)*  
*Nemat Shafik aðstoðarframkvæmdastjóri AGS*  
*Gylfi Zoëga (Háskóla Íslands).*